

Margrét Jónsdóttir

Kennsla í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands: þróun og horfur¹

Efniságrip: Í greininni er gerð grein fyrir íslenskunámi fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands. Fyrst er farið yfir nokkrar sögulegar staðreyndir og náminu og uppbyggingu þess lýst örlítið. Þá er rætt um námsskipulag. Sérstakur kafli er helgaður ýmsu er varðar mállega færni. Samsetning stúdenta-hópsins er því næst til umræðu, þá framhaldsnám og að lokum hugleiðingar um framtíðina.

Inngangur

Sérstakt íslenskunám ætlað erlendum stúdentum við Háskóla Íslands á sér nokkurra áratuga sögu. Í tímans rás hafa orðið á því umtalsverðar breytingar. Greina má nokkra meginþætti:

1. Námið hefur lengst. Því lýkur nú með BA-prófi að loknu þriggja ára námi.²
2. Nánast öll námskeið, sem ætluð eru erlendum stúdentum, eru kennd á vegum greinarinnar. Svo var ekki lengi vel.
3. Með lengingu námsins var farið að skilgreina betur efni námskeiðanna. Námskeiðum hefur því fjölgað frá því sem áður var en þau eru jafnframt minni að einingamati.
4. Áhersla á mállega færni í ræðu og riti hefur aukist jafnt og þétt.
5. Mikil fjölgun stúdenta og ólík markmið þeirra hafa haft ýmsar breytingar í för með sér.

Ætlunin er að skoða þessi atriði sem hér hafa verið nefnd. Hugað verður að því efni sem lagt er til grundvallar í kennslunni, einkum þó efni af málfræðilegum toga. Litið verður til framtíðar og þess sem hún kann að bera í skauti sér. Þá verður rætt um nýja kennsluhætti og um leið breytt inntökuskilyrði. Jafnframt er hugað að því hvort ástæða sé til að breyta náminu, t.d. lengja það og auka fjölbreytni í námsvali.

Enda þótt hér verði einkum rætt um námsgreinina sem slíka og uppbyggingu hennar fer ekki hjá því, eðli málsins samkvæmt, að ýmislegt sem varðar stúdentana sjálfa tengist umræðunni. Tekið skal fram að þegar rætt er um stúdentana er átt við nema í íslensku fyrir erlenda stúdenta nema annað sé tekið fram. Þess verður því getið sérstaklega sé vísað til (skipti)stúdenta sem koma hingað til að stunda t.d. nám í jarðfræði eða mannfræði en taka um leið námskeið í íslensku.

Nokkrar sögulegar staðreyndir, námslengd og prófgráða

Áhugi útlendra manna á íslenskri menningu er gamall eins og alkunna er. Hingað komu fræðimenn til að kynna sér land og þjóð og þá fornu menningu sem sögur fóru af. Ýmsir

¹ Greinin er að stofni til fyrirlestur sem fluttur var á ráðstefnu um íslensku sem annað/erlent mál á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals 17. – 19. ágúst 2006. Fyrirlesturinn var endurunninn sem grein í maí 2007. Magnúsi Haukssyni ber að þakka gagnlegar ábendingar.

² Þeir stúdentar sem hafa kunnáttu til geta lokið fyrsta árs náminu með sérstökum prófum sem haldin eru áður en kennsla hefst að hausti. Þeir geta því stýtt námsdvöl sína um eitt ár.

þeirra höfðu sérstakan áhuga á málinu og er Rasmus Rask kannski frægastur þeirra. Það er því eðlilegt framhald af áhuga þessara manna að stofnað skyldi til kennslu í íslensku fyrir útlendinga hér á landi.

Nám og kennsla í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands á sér allanga sögu. Í upphafi var fremur um einstök námskeið að ræða, m.a. sumarnámskeið, en smám saman öðlaðist námið fastari sess. Árið 1950 hófst skipulegt vetrarnám en árið 1955 var stofnað til sérstakrar námsgreinar og hægt var að ljúka henni með sérstakri prófgráðu. Í tímans rás lengdist námið og varð skipulegra. Árið 1989 var orðið um að ræða þriggja ára nám og því lýkur nú með BA-prófi. BA-gráðan leysti af hólmi prófgráðuna B.phil.Isl.³ Að baki báðum gráðunum búa 90 námseiningar en sá vandi fylgdi þeirri síðarnefndu að hún átti sér engar hliðstæður, var einstök í sinni röð, og olli stúdentum ákveðnum erfiðleikum þar sem erfitt reyndist að fá námið viðurkennt sem fullgilt; átti það bæði við í sambandi við frekara nám og á vinnumarkaði. Nú er greinin skipulögð eins og annað þriggja ára BA-nám og möguleikarnir því meiri en ella þar sem stúdentar geta valið sér 60 eininga aðalgrein og 39 eininga aukagrein. Enn sem komið er ljúka flestir sem útskrifast þó 90 einingum í greininni. Í heild má segja að sú breyting sem fylgdi BA-gráðunni hafi verið mikil réttarbót og hafi um leið aukið gildi námsins.

Stúdentum í íslenskunámi hefur fjölgað jafnt og þétt. Skólaárið 2005 – 2006 stunduðu samtals 163 nemendur nám við skorina.⁴ Árið 2006 lauk 21 stúdent BA-próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta, nánast allir luku 90 námseiningum.⁵

Í kringum 1950 hóf menntamálaráðuneytið að styrkja erlenda stúdenta til íslenskunáms. Fjöldi styrkþega hefur vaxið jafnt og þétt en skólaárið 2006 – 2007 voru þeir hátt í þrjátíu.⁶ Allnokkur hluti stúdentanna nýtur styrkja frá heimalöndum sínum, m.a. skiptistúdentarnir svokölluðu sem eru hér ofast um misserisskeið.

Námskipulag o.fl.

Innan greinarinnar er boðin kennsla í öllum þeim námskeiðum sem nemendur þurfa að ljúka að einu undanskildu. Þetta á við um skólaárið 2006-2007. Svo var ekki lengi vel. Þá þurfti að leita til annarra greina, aðallega íslensku (fyrir Íslendinga) til að nemendur gætu lokið öllum prófum. Nú er málum hins vegar þannig fyrir komið að nemendur geta tekið námskeið úr öðrum greinum og fengið þau metin inn í sitt nám enda séu þau sambærileg námskeiðum innan greinarinnar og komi í stað þeirra.

Afleiðing þess að námið er allt á vegum greinarinnar er margvíslegur. Það er ekki aðeins að við blasi styrkur greinarinnar heldur er kosturinn sá að námsefni er hægt að sníða að þörfum nemendanna. Helsti ókosturinn er hins vegar sá að tengslin við íslensku stúdentana og nám þeirra minnka eða hverfa. Það getur haft ýmsar afleiðingar, m.a. minni mállega færni og minni almenn tengsl við íslenskt samfélag og þekking nemendanna á því verður ekki eins mikil og æskileg væri.

Hér var því haldið fram að með því að hafa allt námsframboð á vegum greinarinnar sjálftrar væri hægt að sníða námsefnið eftir þörfum nemendanna. Það hefur m.a. verið gert með samningu efnis sem sumt hefur verið gefið út; annað er efni sem kennarar sjá um dreifingu á. Því má nefnilega ekki gleyma að þarfir erlendra stúdenta eru um mjög margt afar

³ Upplýsingarnar um greinina og þróun hennar eru flestar frá Jóni G. Friðjónssyni (2007).

⁴ Sjá vef Háskóla Íslands; slóðin er http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_jan06.htm, 17. apríl. Skólaárið 2006-2007 voru nemendurnir 164.

⁵ Þegar fyrirlesturinn var fluttur í ágúst 2006 höfðu 16 útskrifast (febrúar/maí); 5 bættust við í október. Þetta má sjá á vef Háskóla Íslands; slóðin er <http://www.hi.is/page/brautskraning>.

⁶ Skv. upplýsingum frá Þórunni Bragadóttur deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu 10. maí 2007.

ólíkar þörfum þeirra sem læra íslensku sem móðurmál. Það á ekki aðeins við um málfræði og ýmislegt sem varðar mállega færni heldur líka bókmennta- og sagnfræðilega nálgun. Jafnframt er nauðsynlegt að gefa meiri gaum en verið hefur að ýmsum menningarlegum þáttum sem varða íslenskt nútímasamfélag í víðum skilningi enda er tungumálanám án góðrar samfélagsþekkingar lítills virði. Þar sem líklegt er að samsetning nemendahópsins haldi áfram að breytast, verði sífellt fjölþjóðlegri, verður mikilvægara en ella að hafa í huga menningarlegan mun, ólíkan reynsluheim, ólíkar hefðir. Hér verður að minnast á kennsluvefinn *Uglu* sem fjölmargir kennarar nota nú við kennsluna. Ýmislegt bendir til þess að notkun hans geti stuðlað að frekari samningu á kennsluefni, efni sem þó verður ekki endilega gefið út.⁷

Eitt af því sem einkenndi námið á árum áður voru stór yfirlitsnámskeið. Smám saman hefur verið horfið frá því fyrirkomulagi og námskeiðin hafa minnkað að einingamati. Ástæður þess eru tvíþættar. Ýmsir ytri þættir kölluðu á breytingar af þessum toga, m.a. þjónusta við ört vaxandi hóp skiptistúdenta sem þurftu að geta lokið tilteknum fjölda námskeiðum á einu misseri. Meira máli skiptu þó breyttar áherslur. Með því að fjölga námskeiðum var hægt að auka fjölbreytni í námsvali. Afleiðing þessa er að markmiðslýsingar og námskeiðsskilgreiningar hafa orðið mun markvissari en áður. Jafnframt getur þessi leið boðið upp á meiri tengsl við aðrar greinar, m.a. með því að samþætta efni tveggja námskeiða. Slík námskeið geta verið mjög gagnleg fyrir erlenda stúdenta og þjónað hagsmunum þeirra, ekki síst þeirra sem hér eru aðeins stuttan tíma.

Málleg færni

Breyttir tímar kalla á breytt viðhorf. Eitt af því sem hefur breyst mjög í náminu og skipulagningu þess á seinni árum er aukin áhersla á mállega færni. Er þá átt við mállega færni ekki aðeins í ræðu heldur líka í riti.

Einhverjum kann að þykja það sérkennilegt að þetta atriði skuli sérstaklega nefnt en staðreyndin er sú að lengi vel var lítil eða miklu minni áhersla á þennan þátt málsins. Menn gerðu einfaldlega ráð fyrir því að hver væri sjálfum sér næstur í þeim efnum. Sérstaklega var dvöl í sveit talin ákjósanleg.

Sú breyting sem hér var nefnd er mjög mikilvæg og hefur haft mikil áhrif. Sérstökum námskeiðum hefur fjölgað þar sem m.a. hefur verið lögð áhersla á margvísleg tilbrigði og svið málsins. Sérstakt kennsluefni hefur verið samið fyrir sum námskeiðanna og boðið hefur verið sjálfsnám af tilteknum toga. Allt skiptir þetta máli: Færni stúdentanna eykst og jafnframt hefur fjölgað möguleikunum sem þeir geta glímt við. Má þar t.d. nefna námskeið í þýðingum sem notið hefur sívaxandi vinsælda. Ein forsenda þess námskeiðs er einmitt aukin málleg færni.

⁷ Í kynningarbæklingi frá Háskóla Íslands (2006-2007:9) er *Uglunni* lýst svo:

Uglan er innra net fyrir starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands. Þar fléttast upplýsingakerfi Háskólans saman í eina heild og hver nemandi fær aðgang að þeim upplýsingum sem að honum lúta. Þar geta nemendur m.a. nálgast yfirlit yfir einkunnir, námsferil og námskeið og þeir geta t.d. séð hvernig þeir standa samanborið við aðra nemendur. Uglan er því í raun sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Uglan er ekki síst virkur og öruggur samskiptavangur nemenda og kennara þar sem leggja má inn gögn, tilkynningar eða verkefni og eiga gagnvirk samskipti, m.a. með umræðupráðum. Uglan er þróuð af Reiknistofnun HÍ í samstarfi við kennslusvið Háskóla Ísland og kerfið er það fremsta í sinni röð meðal íslenskra háskóla.

Samsetning stúdentahópsins

Eins og áður sagði hefur stúdentum fjölgað mjög með árunum. Það fer ekki hjá því að meðal jafnstórs hóps og raun ber vitni sé að finna ólík markmið og væntingar; slíkt hefur haft ýmsar afleiðingar í för með sér. Byrjum á stúdentahópnum.

Mjög margir, eða flestir þeirra sem luku náminu allt fram undir 1980, urðu fræðimenn. Slíkum nemendum hefur að líkindum fækkað hér hlutfallslega. En enn er það svo að margir þeir sem koma til landsins til að hefja nám eru háskólanemar í norrænum/germönskum fræðum og málvísindum. Margir þeirra hafa lært eða kunna eitthvað í íslensku, fornmáli eða nútímamáli, hafa lesið íslenskar bókmenntir, yfirleitt fornbókmenntir, og/eða hafa áhuga á einhverju tilteknu sviði íslenskrar menningar. Markmið þessa hóps er að læra málið til að geta notað það í fræðilegum og/eða hagnýtum tilgangi. Sumir ljúka náminu hér, aðrir ekki. Hér ber þess líka að geta að hingað kemur fjöldi skiptistúdenta, flestir frá Norðurlöndum. Margir þeirra ljúka námi ytra enda er íslenska hluti af námi þeirra þar.

Sumir stúdentanna sem búsettir eru hér á landi hafa lokið háskólanámi, oftast í heimalöndum sínum. Aðrir hafa ekki gert það. Sameiginlegt markmið þessara nemenda er langoftast af hagnýtum toga: Þeir vilja gera íslensku að öðru máli sínu. Þeir sem betur eru menntaðir eru mun líklegri til að ná góðum tókum á málinu og ljúka námi og nota það sér til framdráttar í störfum á sínu sérsviði.

Framhaldsnám

Eins og fram kemur í skýrslu um stefnu Hugvísindadeildar 2006-2011⁸ er litið svo á að deildin hafi ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag sem „helstu miðstöð rannsókna og kennslu“ á ýmsum sviðum, m.a. íslenskra fræða. En eins og fram kemur eru þessar skyldur ekki bundnar við íslenskt (fræða)samfélag heldur líka erlent fræðasamfélag. Líta má svo á að kennsla sem er hér nýhafin í íslenskum miðaldafræðum sé angi þeirrar stefnu. Námið, sem er á meistarastigi, er sniðið að þörfum útlendinga og er kennt á ensku. Jafnframt hefur verið samþykkt að efna til meistaranáms í íslenskum málvísindum á sömu forsendum. Hér er því opin leið fyrir erlenda stúdentu til náms. Óvíst er hvort þeir sem stunda þetta nám munu jafnhliða stunda nám í íslensku fyrir erlenda stúdentu. Þeir sem stunda miðaldafræðinámið eru þó miklu líklegri til þess en (sumir) þeir sem munu stunda nám í íslenskum málvísindum. Í þessu sambandi ber að geta eins hóps stúdentu sem hefur stækkað með árunum. Til þess hóps teljast þeir sem vilja fást við málið sem „rannsóknarmál“ í setningafræðilegu skyni. Slíkir stúdentar hafa langmestan, sumir eingöngu, áhuga á setningafræði málsins. Málleg færni skiptir litlu eða engu máli. Aðrir þættir skipta engu máli.

Allir stúdentar geta innritast til BA-náms í íslensku (sem móðurmál), jafnt Íslendingar sem útlendingar. Afar sjaldgæft er þó að erlendir stúdentar fari þessa leið án þess að hafa eitthvert íslenskunám að baki. Nemendur sem lokið hafa námi fyrir útlendinga eða einhverjum námskeiðum geta fengið nám sitt metið inn í íslensku (sem móðurmál) en þurfa að auki að ljúka ýmsum viðbótarnámskeiðum. Algengara er hins vegar að þeir stúdentar sem lokið hafa BA-prófi í íslensku fyrir erlenda stúdentu hefji nám á meistarastigi. Því er ánægjulegt að geta þess að nýlega hefur íslenskuskor samþykkt hvaða námskeiðum á BA-stigi í íslensku (sem móðurmáli) þeir verða að ljúka til að geta hafið námið.

Innan háskólanna hefur sífellt aukin áhersla verið lögð á ýmiss konar hagnýtt og/eða starfstengt nám. Innan Hugvísindadeildar er ýmislegt í boði, m.a. hagnýt ritstjórn og útgáfa, táknmálstúlkun, starfstengd siðfræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýtt þýðingarnám. Fyrir

⁸ Sjá vef Háskóla Íslands/Hugvísindadeildar; slóðin er <http://www.hug.hi.is/page/skyrslur>. Sjá nánar bls. 2.

erlenda stúdenta skiptir hagnýta þýðingarnámið mestu máli. Hér verður einnig að geta meistaranáms í þýðingarfræðum sem margir hafa stundað að BA-prófinu loknu. Sum námskeið innan hagnýtrar menningarmiðlunar gætu án efa freistað ýmissa, einkum þeirra sem hafa huga á að starfa innan ferðaþjónustunnar. Vitað er að ýmsir erlendu stúdentanna sækja nám í ferðamálafræðum sem er sérstök námsgrein innan Raunvísindadeildar.

Hér verður enn að geta námsleiðar sem ætluð er erlendum starfandi og verðandi túlkum í málum sem ekki eru kennd við Háskóla Íslands. Markmiðið er að þeir sem náminu ljúka geti miðlað samlöndum sínum, sem hér búa um lengri eða skemmri tíma, þekkingu sinni á samfélaginu og annast samskipti þeirra við Íslendinga. Námsleiðin hefur verið kölluð *Hagnýtt nám í samfélagstúlkun og fjölmenningu*; þetta er 45 eininga nám á grunnstigi, diplómanám, og er samvinnuverkefni Hugvísindadeildar HÍ, Alþjóðahúss, Rauða krossins, Fjölmenningarseturs Íslands og Háskólaseturs Vestfjarða.⁹ Ekki er að efa að þessi leið mun gagnast mörgum erlendum stúdentum sem hafa gott vald á íslensku (enda þótt þeir þurfi ekki að hafa lokið formlegu íslenskunámi) og hafa öðlast góða þekkingu á íslensku samfélagi. En hugmynd sem þessi kallar á fleiri tengingar. Hægt væri að ímynda sér sambærilegt nám í þýðingum og túlkun sem hverfðist um ferðaþjónustu/fararstjórn, ekki síst í ljósi þess sem áður sagði um áhuga erlendra stúdenta á ferðamálafræðum, eða sérhæfð málfærinámskeið sem vörðuðu t.d. viðskipti. Möguleikarnir eru margir.

Niðurstaðan er sú að vænlegast sé að bjóða upp á sérhæft framhaldsnám í ýmsu formi en lengja ekki hið almenna nám.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Enda þótt framtíðin sé óráðin gáta má þó gera ráð fyrir að eftirtaldir þættir vegi þungt í þróuninni næstu ár:

- Sé miðað við reynslu undanfarinna ára má fastlega gera ráð fyrir því að fjöldi stúdenta aukist, a.m.k. skiptistúdenta.
- Tæknin verður í auknum mæli notuð við kennsluna.
 - Fjarnám þróast í einhverri mynd, m.a. vefstutt.
 - Sjálfsnám eykst.
- Aukið námsefnisframboð á vefnum:
 - Nú þegar stunda skiptistúdentar (sem ekki eru í formlegu íslenskunámi) vefnám í *Icelandic Online* undir stjórn kennara.
 - Aukinn aðgangur að ýmiss konar efni á Netinu:
 - Dæmi: *Beygingarlýsing íslensks nútímamál*¹⁰ og sagnavefur Guðrúnar Theodórsdóttur.¹¹
- Aukinn fræðilegur áhugi á íslensku sem öðru/erlendu máli mun án efa skila fróðleik sem hjálpar til við kennsluna og uppbyggingu námsins.
 - Þetta á eftir að efla greinina mjög, jafnt inn á við sem út á við.
- Enda þótt ekki verði slakað á fræðilegum kröfum þarf ekki síður að huga að hagnýtum þáttum sem fela í sér nýja möguleika að því er varðar viðbótarnám í einhverri mynd.
 - Þar eru þróunarmöguleikar greinarinnar fölgirnir.
 - Þeir sem vilja stunda fræðilegra framhaldsnám eiga aðra möguleika

⁹ Kennsla hófst haustið 2006 en í mun minna mæli en áætlað var enda skorti fjármagn. Námið verður ekki í boði skólaárið 2007-2008 af fyrrgreindum ástæðum.

¹⁰ Sjá vef Orðabókar Háskólans; slóðin er <http://www.lexis.hi.is/beygingarlýsing/>

¹¹ Sjá heimasíðu Guðrúnar; slóðin er <http://www.hi.is/~gt/sagnavefur/index.htm>

Heimildir

Guðrún Theodórsdóttir. Heimasíða: <http://www.hi.is/~gt/sagnavefur/index.htm>
Háskóli Íslands. a) http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_jan06.htm
b) <http://www.hi.is/page/brautskraning>
Háskóli Íslands 2006-2007. [Kynningarbæklingur.] Háskóli Íslands, 2006.
Hugvísindadeild Háskóla Íslands: <http://www.hug.hi.is/page/skyrslur>
Jón G. Friðjónsson. 2007. *Isländisch für ausländische Studenten an der Universität Islands.*
Óbirtur fyrirlestur.
Orðabók Háskólans: <http://www.lexis.hi.is/beygingarlysing/>

Margrét Jónsdóttir
Hugvísindadeild Háskóla Íslands
Árnagarði v/Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
mjons@hi.is